

# 270. KIRKJURÁÐSFUNDUR

ÞRIÐJUDAGUR 10. OKTÓBER 2017 KL 8:30

haldinn á Biskupsstofu

---

## FUNDARGERÐ

---

1. Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar.
2. Kirkjuþing 2017. Gert er ráð fyrir að forseti kirkjuþings komi til fundarins kl. 09:00.
3. Fjármál
  - a) Fundargerðir fjármálahóps kirkjuráðs ásamt tillögum hans um úthlutun styrkja úr Jöfnunarsjóði sókna, Kirkjumálasjóði og Kristnisjóði 2018.
  - b) Ársreikningur Hóladómkirkju og Auðunarstofu 2016
  - c) Fimm alda nefnd, skýrsla og erindi til kirkjuráðs
  - d) Fjármál biskupsstofu og sjóða þjóðkirkjunnar
4. Fasteignir
  - a) Hraungerði, uppgjör vegna ábúðarloka, stöðuskýrsla.
  - b) Fellsmúli, beiðni um leyfi fyrir lagningu hitaveitulagnar.
  - c) Reykholt, endurnýjun á samningi um skógrækt.
5. Málefni Skálholts
  - a) Staða Skálholtsbúsins.
  - b) Fyrirhuguð biblúsýning í Þorlákshúð.
6. Starfsreglur um kirkjutónlist, fulltrúar kirkjutónlistarráðs koma til fundarins kl. 11.
7. Sviðsmyndir, kynning KPMG kl. 13.
8. Breiðholtssókn og Fella- og Hólasókn, erindi sóknarnefnda. Formenn koma til fundarins kl. 13:45.
9. Umhverfisstefna þjóðkirkjunnar ásamt greinargerð og drög að aðgerðaáætlun.
10. Tillaga að starfsreglum um kirkjuráð, umsagnarbeiðni frá löggjafarnefnd kirkjuþings.
11. Önnur mál.

---

## 1. FUNDARSETNING OG FUNDARGERÐ SÍÐASTA FUNDAR

---

Fundurinn hófst kl. 8:30. Forseti kirkjuráðs Agnes M. Sigurðardóttir biskup Íslands stýrði fundi. Þá sátu fundinn kirkjuráðsmennirnir séra Gísli Gunnarsson, séra Elínborg Gísladóttir, Stefán Magnússon og Svana Helen Björnsdóttir.

Jafnframt sátu fundinn Oddur Einarsson framkvæmdastjóri kirkjuráðs, Þorvaldur Víðisson biskupsritari og Guðrún Finnbjarnardóttir sem ritaði fundargerð.

Til fundarins komu undir lið 2 Magnús E. Kristjánsson forseti kirkjuþings, undir lið 6 fulltrúar kirkjutónlistarráðs, þau Guðmundur Sigurðsson, Sigurjón Árni Eyjólfsson og Helga Þórdís Guðmundsdóttir, undir lið 7 þeir Sævar Kristinsson og Stefán Þór Helgason frá KPMG, og undir lið 8 Inga Rún Ólafsdóttir, Páll Viðar Jónsson og Baldur Pálsson frá Breiðholtssókn og Magnús Gunnarsson og Jóhann Úlfarsson frá Fella- og Hólasókn.

---

## 2. KIRKJUÞING 2017

---

Kirkjuþing 2017 verður haldið í Vídalínskirkju og verður sett laugardaginn 11. nóvember. Umræður urðu um tilhögun þinghaldsins og rekstur þess að öðru leyti. Frestur til að leggja fram þingmál líður hinn 16. þ.m. Gert er ráð fyrir að forsætisnefnd kirkjuþings komi saman hinn 19. þ.m. til að yfirfara framlögð mál.

---

## 3. FJÁRMÁL

---

- a. *Fundargerðir fjármálahóps kirkjuráðs ásamt tillögum hans um úthlutun styrkja úr Jöfnunarsjóði sókna, Kirkjumálasjóði og Kristnisjóði 2018*  
Fundargerðirnar lagðar fram ásamt tillögum að úthlutun styrkja úr sjóðunum. Teknar fyrir tillögur um úthlutun úr sjóðum. Farið yfir tillögurnar. Kirkjuráð ályktar að vísa þeim til áframhaldandi umræðu í fjármálahópi og næsta fundar kirkjuráðs.
- b. *Ársreikningur Hóladómkirkju og Auðunarstofu 2016*  
Ársreikningurinn lagður fram til kynningar.
- c. *Fimm alda nefnd, skýrsla og erindi til kirkjuráðs*  
Gögnin lögð fram. Kirkjuráð ályktar að vísa erindinu til gerðar fjárhagsáætlunar fyrir 2018.
- d. *Fjármál biskupsstofu og sjóða þjóðkirkjunnar*  
Sigurbjörg Níelsdóttir Hansen fjármálastjóri biskupsstofu kynnti rekstaryfirlit fyrir fyrri árshluta 2017.

---

## 4. FASTEIGNIR

---

a. *Hraungerði, uppgjör vegna ábúðarloka, stöðuskýrsla*

Lagt fram bréf lögmannsstofunnar LEX til kirkjuráðs vegna boðaðrar úttekta á jörðinni Hraungerði í Flóahreppi vegna ábúðarslita. Framkvæmdastjóra falið að fylgja málinu eftir.

b. *Fellsmúli, beiðni um leyfi fyrir lagningu hitaveitulagnar*

Lagt fram erindi Rangárbús ehf. vegna lagningar hitaveitulagnar frá fiskeldisstöð Matorku í landi Fellsmúla. Kirkjuráð samþykkir erindið.

c. *Reykholt, endurnýjun á samningi um skógrækt.*

Lagt fram erindi sóknarprestsins í Reykholti varðandi endurnýjun samnings við Skógræktarfélag Borgarfjarðar um skógrækt í Reykholti. Kirkjuráð samþykkir erindið.

---

## 5. MÁLEFNI SKÁLHOLTS

---

a. *Staða Skálholtsbúsins*

Lögð fram greinargerð framkvæmdastjóra, greinargerð ábúenda. Einnig lögð fram greinargerð stjórnar Skálholts.

b. *Fyrirhuguð biblíusýning í Þorlákshúsi*

Lögð fram greinargerð vegna málsins. Einnig lögð fram greinargerð stjórnar Skálholts. Kirkjuráð bendir á að umbúnaður Þorlákshúsa er slíkur að vandséð er að óhætt sé að að sýningin fari þar fram. Kirkjuráð er hins vegar tilbúið til að beita sér fyrir því að sýningunni verði fundinn staður í byggingum Skálholts.

---

## 6. STARFSREGLUR UM KIRKJUTÓNLIST

---

Lögð fram orðsending kirkjutónlistarráðs til biskups Íslands ásamt drögum að starfsreglum um kirkjutónlist. Til fundarins komu fulltrúar kirkjutónlistarráðs og kynntu málið. Umræður urðu um málið og kirkjuráð ályktar að vísa því til kirkjubings 2017.

---

## 7. SVIÐSMYNDIR KIRKJUNNAR, KYNNING KPMG

---

Kynningin fór fram. Ákveðið að skoða málið nánar.

---

## 8. BREIÐHOLTSSÓKN OG FELLA- OG HÓLASÓKN, ERINDI SÓKNARNEFNDAR VARÐANDI SAMEININGU SÓKNANNA

---

Erindið lagt fram. Ljóst er að bæði Breiðholtskirkja og Fella- og Hólakirkja þarfnast viðhalds en nauðsynlegt viðhald Breiðholtskirkju verður mun kostnaðarsamara. Kirkjuráð telur að óhjákvæmilegt sé að fram fari mat á viðhaldskostnaði Breiðholtskirkju og felur framkvæmdastjóra fá tilboð í að láta kanna hvað mat á viðhaldspörfinni kostar.

---

**9. UMHVERFISSTEFNA ÞJÓÐKIRKJUNNAR ÁSAMT  
GREINARGERÐ OG DRÖGUM AÐ AÐGERÐAÁÆTLUN**

---

Gögnin lögð fram. Kirkjuráð ályktar að vísa þeim til kirkjustarfs / fasteignahóps kirkjuráðs til frekari skoðunar.

---

**10. TILLAGA AÐ STARFSREGLUM UM KIRKJURÁÐ,  
UMSAGNARBEIÐNI FRÁ LÖGGJAFARNEFND KIRKJUÞINGS**

---

Erindi löggjafarnefndar kirkjuþings varðandi umsögn lagt fram. Einnig lögð fram drög að hinum nýju starfsreglum. Lagt fram til kynningar.

---

**11. ÖNNUR MÁL**

---

Biskup Íslands lagði fram dagskrá ráðstefnu WCC og Arctic Circle.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 16:24.

Næsti fundur er áætlaður 27. október 2017.

---

Agnes M. Sigurðardóttir,  
forseti, biskup Íslands.

---

Oddur Einarsson,  
framkvæmdastjóri kirkjuráðs.

---

Séra Gísli Gunnarsson

---

Stefán Magnússon.

---

Svana Helen Björnsdóttir

---

Séra Elínborg Gísladóttir